

Ungt fólk 2012

Menntun, menning, íþróttir, tómstundir, hagir og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla



Ungt fólk 1992–2012
Æskulýðsrannsóknir í 20 ár

UNGT FÓLK 2012

Menntun, menning, íþróttir, tómstundir,
hagir og líðan nemenda
í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

2012

Unnið af:
Álfgeir Logi Kristjánsson
Jón Sigfússon
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Hrefna Pálsdóttir

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsóknna og greiningar.

© 2012 Rannsóknir & greining ehf

Unnið fyrir:
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

2012

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Aðferð og gögn	8
Félags- og tómstundastarf	9
Íþróttir og hreyfing	17
Foreldrar og uppeldi	24
Heilsa og líðan	32
Nám og skóli	39
Atvinnuþátttaka og fjárhagur fjölskyldunnar	52
Vímuefnanotkun	57
Heimildaskrá	62
Viðauki	65
Kynjaskipting	66
Tengsl við foreldra og fjölskyldu	66
Tengsl við vini og jafningja	69
Íþróttaiðkun	70
Frístundir	78
Tómstundaiðkun	83
Myndaskrá	90
Töfluskrá	93

Inngangur

Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* hófu göngu síðan árið 1992 þegar Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála (RUM), að frumkvæði menntamálaráðuneytisins, hóf að framkvæma kannanir meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum landsins. Með þessum fyrstu heildstæðu rannsóknum á högum barna og ungmenna var brotið blað í sögu mannvísindarannsókna hér á landi með tilkomu áreiðanlegra gagna um málefni þeirra. Forstöðumaður RUM var Þórólfur Þórlindsson, prófessor í félagsfræði, en Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri íþrótt- og æskulýðsdeildar ráðuneytisins, hefur frá upphafi og fram á þennan dag unnið að eflingu rannsókna. *Ungt fólk* rannsóknirnar hafa margfaldast að umfangi á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru frá upphafi þeirra og hafa frá árinu 1997 verið unnar reglulega meðal allra nemenda í 5., 6. og 7. bekk, 8., 9. og 10. bekk og í framhaldsskólum landsins. Þá hafa verið unnar *Ungt fólk* rannsóknir á félagslegri stöðu 16 til 20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árin 2000 og 2009. Frá upphafi hefur eitt af megin-einkennum *Ungt fólk* rannsókna verið að spurningalistar hafa verið lagðir fyrir í öllu þýðinu og þannig gert mögulegt að vinna staðbundnar og ítarlegar greiningar á bæði fámönnum og fjölmönnum samfélagseiningum. Æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* eru því 20 ára um þessar mundir og víðeigandi að líta um öxl og skoða þróun þeirra og vöxt frá upphafi.

Árið 1998 var starfsemi RUM breytt og í framhaldi af því var rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining stofnuð af Ingu Dóru Sigfúsdóttur. Frá stofnun árið 1999 hefur Rannsóknir og greining verið framkvæmdaraðili *Ungt fólk* rannsókna að tilstuðlan og í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Núverandi samstarfssamningur ráðuneytisins, Háskólans í Reykjavík og Rannsókna og greiningar gildir út árið 2016. Frá upphafi hefur Rannsóknir og greining kappkostað að gögn

rannsókna séu nýtt sem best með þekkingarsköpun og velferð barna og ungmenna í íslensku samfélagi að leiðarljósi, sem og til rannsókna fyrir vísindafólk og við þjálfun nemenda þeirra.

Með þessum rannsóknum hefur verið tryggt að hægt sé að vinna úr greinargöðum og samanburðarhæfum upplýsingum um hagi barna og ungmenna fyrir fjölmarga aðila. Samhliða vaxandi kröfum um rannsóknarmiðaða stefnumótun hafa þeir sem starfa að málefnum barna og ungmenna á Íslandi í síauknum mæli nýtt sér niðurstöður þeirra, en allar þessar rannsóknir gefa kost á samanburði milli landssvæða og tímbila. Við þróun *Ungt fólk* rannsókna hefur starfsfólk Rannsókna og greiningar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins notið góðs af einstöku samstarfi við skólastjórnendur, kennara og nemendur í grunn- og framhaldsskólum landsins alla tíð. Þeirra framlag undanfarin ár og aðstoð við fyrirlagnir spurningalista hefur stuðlað að því að svo umfangsmiklar rannsóknir sem *Ungt fólk* eru, hafa getað farið reglulega fram. Niðurstöður rannsókna eru þeim sem starfa að málefnum barna og ungmenna ómetanlegt verkfæri við stefnumótun og störf, bæði á landsvísi sem og í nærsamfélaginu, á hverjum stað og tíma.

Gögn *Ungt fólk* rannsókna hafa verið notuð víða. Frá árinu 1997 hafa verið skrifaðar sjö doktorsritgerðir úr gögnum rannsókna og margir tugir meistara- og baccalaureate ritgerða. Þá hafa kennarar í námskeiðum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, og áður Kennaraháskóla Íslands, notað þau við kennslu og þjálfun nemenda í rannsóknaraðferðum og tölfræði. Niðurstöður *Ungt fólk* rannsókna eru nýttar í sveitarfélögum sem telja um 80% landsmanna við stefnumótun, aðgerðir, og skipulagningu starfs á vettvangi meðal þeirra sem starfa að málefnum barna og ungmenna í nærsamfélaginu. Rannsóknir og greining hefur kappkostað að hámarka nýtingu gagnanna með því að greina stað-

bundnar niðurstöður fyrir sveitarfélög, skóla, hverfaræð, félög, félagasamtök og ýmsa fleiri og kynna niðurstöður rannsókna sem fyrst eftir hverja gagnasöfnun. Rannsóknir og greining vinnur á annað hundrað skýrslur á ári úr gögnum rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk og 8., 9. og 10. bekk fyrir þessa aðila. Þá eru gögn rannsókna meðal nemenda í öllum framhaldsskólum landsins nýtt í auknum mæli. Þannig voru unnar um eitt hundrað sértækar skólaskýrslur úr síðustu framhaldsskólakönnun, *Ungt fólk* frá árinu 2010. Voru það skýrslur undir heitinu „Fyrsta ölvunin“, „Betri líðan í mínum skóla“ auk sérstakra skýrsla um stöðu og þróun vímuefnaneyslu meðal framhaldsskólana í hverjum skóla. Þessu til viðbótar má nefna að niðurhal opinna skýrsla og greina af vefsíðu Rannsókna og greiningar skipta hundruðum á ári

Áhrif *Ungt fólk* rannsókna hafa einnig náð út fyrir landssteinana. Starfsfólk Rannsókna og greiningar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hafa nýtt gögn rannsókna til greininga og skrifa á fræðasviðum sínum og nú hafa um 50 ritryndar greinar verið birtar úr gögnunum í alþjóðlegum, ritryndum vísindatímaritum. Fjölmargir erlendir vísindamenn hafa átt í samstarfi við íslenska félagi sína við nýtingu gagnanna og hafa þeir verið á einu máli um að gæði *Ungt fólk* rannsókna séu sjaldséð hvað umfang og yfirgrip varðar. Sú sérstaða að rannsóknirnar fari fram með gagnasöfnun í öllu þýðinu í stað úrtaka eins og algengara er, hefur veitt tækifæri til yfirgrípsmeiri og ítarlegri greininga en oft er mögulegt. Endurtekning rannsókna yfir tíma hefur enn fremur gert mögulegt að framkvæma tímaraðagreiningar á þróun lykilkæpta er varða hagi, líðan og hegðun barna og unglinga hér á landi. Árið 2005 hófst samvinna Rannsókna og greiningar og Reykjavíkurborgar um framkvæmd og skipulagningu rannsókna í borgarsamfélögum víða í Evrópu, í samstarfi við samtökin European Cities Against Drugs (ECAD). *Ungt fólk* rannsóknirnar voru lagðar til grundvallar þeirrar vinnu. Rannsóknirnar sem þetta samstarf hefur getið af sér bera

heitið *Youth in Europe* (YiE) og hafa nú þegar verið unnar rannsóknir í 8 borgum árið 2006 og 11 borgum árið 2008. Þriðja fyrirlögn YiE er fyrirhuguð á hausti komanda og hafa 15 borgir nú þegar skuldbundið sig til þátttöku. Til viðbótar má nefna að á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, árið 2009, ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að leggja til að unnin yrði samnorræn rannsókn á högum og líðan nemenda í framhaldsskólum á öllum Norðurlöndum, þar með talið á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi. Rannsóknun og greiningu var falið að stýra þeirri rannsókn og halda utan um verkefnið að öllu leiti. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem ber heitið The Nordic Youth Research, voru kynntar á ráðstefnu í október 2010. Á sama hátt voru *Ungt fólk* rannsóknirnar meðal framhaldsskólana á Íslandi lagðar til grundvallar við Norrænu rannsóknina. Þá var í mars síðastliðnum, að frumkvæði Rannsókna og greiningar, lögð fyrir rannsókn á högum og líðan ungmenna í 9. bekk í Færeyjum í samvinnu við Fróðskaparsetur Færeyja (Háskólann í Þórs höfn). Niðurstöður þeirrar rannsóknar munu koma frændfólki okkar í Færeyjum vel sem og opna á möguleika fyrir samanburðargreiningar á högum og líðan unglinga á Íslandi og í Færeyjum. Ljóst má vera að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá árinu 1992 þegar æskulýðsrannsóknirnar *Ungt fólk* hófu sitt skeið hér á landi. Áhrif þeirra hafa verið mikil og fara vaxandi. Það er von og vilji Rannsókna og greiningar, Háskólans í Reykjavík og mennta- og menningarmálaráðuneytisins að *Ungt fólk* rannsóknirnar haldi áfram að stuðla að bættum högum og betri líðan og aðbúnaði barna og ungmenna hér á landi með traustum upplýsingum til sveitarfélaga, skóla, félaga, félagasamtaka og annarra, sem og að veita vísindafólki og nemendum þeirra aðgang að vönduðum gögnum í vinnu sinni og námi við þekkingarsköpun í málefnum barna og unglinga.

Í þessari skýrslu getur að líta niðurstöður *Ungt fólk* rannsóknarinnar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi árið 2012 með samanburði við fyrri ár.

Gagnasöfnun fór fram með spurningalista-könnun í febrúarmánuði 2012. Líkt og í fyrri rannsóknum er athyglinni beint að ýmsum þáttum í lífi unglinga sem varða hagi þeirra og líðan, s.s. félags-, tómstunda- og íþróttastarfi, tengslum við foreldra og uppeldi, um heilsu

og líðan, nám og skóla, atvinnuþátttöku og fjárhag, og um vímuefnanotkun. Niðurstöður eru settar fram á 88 tölusetnum myndum og 84 töflum.

Aðferð og gögn

Þátttakendur og framkvæmd

Líkt og fyrr var gögnunum sem þessi skýrsla byggir á safnað með könnun sem lögð var fyrir nemendur í öllum grunnskólum með 8., 9. og 10. bekk á Íslandi í febrúarmánuði árið 2012. Framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar var á vegum Rannsókna og greiningar. Spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag til þátttakenda sem þeir settu listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Jafnframt voru þeir vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Í framhaldi af viðræðum við skólastjórnendur var ákveðið að þýða spurningalistana á pólsku til að tryggja þátttöku sem flestra og koma þannig til móts við þá nemendur sem telja sig betur geta svarað spurningalistum á pólsku. Á þriðja hundrað nemenda nýttu sér þennan möguleika. Samtals fengust gild svör frá 3698 nemendum í 8. bekk, 3673 nemendum í 9. bekk og 3747 í 10. bekk auk þess sem bekkjardeild var ótilgreind hjá 104 þátttakendum. Allt í allt voru þátttakendur 11222 talsins. Heildarsvarhlutfall á landsvísi var 86% og mjög svipað á milli bekkjarárganga.

Mælitæki

Mælitæki rannsóknarinnar eru ítarlegir spurningalistar lagðir fyrir nemendur 8., 9. og 10. bekk sem hafa verið próaðir ár frá ári, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en frá árinu 1999 af Rannsóknum og greiningu við Háskólann í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður, að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Árið 2012 innihélt spurningalistinn 89 spurningar í mismunandi mörgum liðum á 32 blaðsíðum.

Í þessari skýrslu er sjónum beint að ungmennum í 8., 9. og 10. bekk og eru ítarlegar upplýsingar um hagi og lífshætti þeirra settar fram með margvíslegum hætti. Sem fyrr er áhersla lögð á upplýsingar um margvíslega þætti er varða velferð unglinga s.s. samband við foreldra og vini, viðhorf og hugmyndir um nám og skóla, um íþróttir, tómstundir og aðra frístundaiðju, og um heilsufar og líðan. Þá eru settar fram niðurstöður um atvinnuþátttöku ungmennanna og vísbendingar um fjárhagsstöðu fjölskyldna þeirra og í lokin er stuttur kafli um vímuefnanotkun sem þó verða gerð ítarlegri skil í sérstakri skýrslu. Skýrslan inniheldur í heild 88 myndir og 84 töflur og eru myndirnar gjarnan lýsandi með samanburði yfir tíma, á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar, sem og á milli bekkjardeilda og kynja. Í viðauka er að finna töflur með ítarlegum upplýsingum um þá flokka sem áður eru nefndir.

Félags- og tómstundastarf

Rannsóknir hafa jafnan sýnt að sjálfsmynd barna sé að miklu leiti mótuð í þátttöku þeirra í frístundum og tómstundastarfi, sem oft liggur utan við umhverfi fjölskyldu og skóla.¹ Kenningar og rannsóknir um lífsstíl barna og ungmenna, sem miðast oft við að skýra hvað þau geri í frístundum og með hverjum þau verja tíma sínum, hafa sýnt að það skiptir miklu máli í velferð þeirra hvers eðlis tómstundir þeirra eru.² Þá hefur form félags- og tómstundastarfs verið rannsakað og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrga og reyndra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi þeirra en starf sem ekki er skipulagt og/eða ekki í umsjá slíkra aðila³. Félagslíf ungmenna fer einnig að miklu leyti fram í hópi jafningja⁴. Áhrif jafningjahópsins í lífi þeirra eru því mikil og í jafningjahópnum fer fram mikilvæg mótun hugmynda, viðmiða og gilda meðal einstaklinganna.⁵ Hegðun og gildismat barna og ungmenna tengist því jafningjahópnum með mjög sterkum hætti.⁶ Hafa niðurstöður rannsókna meðal annars sýnt að neikvæð viðbrögð félaganna við tóbaksnotkun beri með sér minnkandi líkur á slíkri neyslu⁷ og að börn og ungmenni sem stunda íþróttir og reglulega hreyfingu séu líklegri til að eiga vini sem gera svo einnig.⁸ Þá sýna rannsóknir að skemmtanalífstill jafningjanna hafi áhrif á líkur á vímuefnanotkun ungmenna⁹ en jafnframt að óskipulagður skemmtanalífstill unglínga hefur dregist mikið saman hér á landi undanfarin ár.¹⁰ Í þessum hluta

skýrslunnar gefur að líta 13 myndir og eina töflu um formlega og óformlega félags- og tómstundaiðkun unglínga í efstu bekkjum grunnskóla hér á landi. Sjá nánar í töflum í viðauka.

Niðurstöður sýna meðal annars að hlutfallsleg þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi vikulega eða oftast helst að mestu óbreytt miðað við árið 2009 en minnkar þó heldur meðal stelpna í 8. bekk. Lítil breyting kemur fram yfir tíma er varðar kvikmyndahús og kaffihúsaferðir. Hlutfallslegur fjöldi ungmenna sem stunda partí hefur dregist mikið saman frá árinu 1997 til 2012. Þátttaka í skátastarfi, ungliðastarfi björgunarsveita og/eða trúarlegu starfi er svipaður og fyrri ár og það sama má segja um þátttöku í listum s.s. lúðrasveitum, myndlistarnámi og leiklist en fjöldi þátttakenda í tónlistarnámi og hljómsveitastarfi dregst heldur saman. Þátttaka í listviðburðum s.s. leiksýningum, myndlistasýningum og tónleikum helst nokkuð óbreytt miðað við síðustu ár. Litlar breytingar verða á fjölda þátttakenda í ungliðastarfi Rauða krossins, í hestamennsku og útivist en fjöldi ungmenna sem stunda hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun dregst heldur saman. Bóklestur eykst frá 2009 og segjast nú um 16% ungmenna í 9. og 10. bekk eyða fjórum stundum eða meira í viku hverri við lestur bóka annarra en skólabóka en lestur annarskonar lesefnis s.s. dagblaða og tímarita er óbreyttur frá 2009 en hefur minnkað mikið sl. ár.

1 Osgood og Anderson, 2004; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórlindsson og Bernburg, 2006.

2 Osgood o.fl. 1996; Peretti-Watel og Lorente 2004.

3 Álfgeir Logi Kristjánsson, o.fl. 2005; Álfgeir Logi Kristjánsson, o.fl. 2006.

4 Sutherland, 1978; Hirchi, 1969; Bandura, 1977.

5 Altermatt og Pomerantz, 2005; Bowker, o.fl. 2000; Carter, o.fl. 2003.


6 Kristjánsson, o.fl. 2008; Sigfúsdóttir, o.fl. 2009; Þórlindsson og Bernburg, 2006.

7 Kristjánsson, o.fl. 2008.


8 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

9 Þórlindsson og Bernburg, 2006.


10 Kristjánsson o.fl. 2010.




Mynd 1 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk frá 2006 til 2012 sem taka þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.




Mynd 2 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk frá 2006 til 2012 sem taka þátt í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.



Mynd 3 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk frá 2006 til 2012 sem taka þátt í skipulögðu skipulögðu félags- eða tómstundastarfi einu sinni í viku eða oftar.




Mynd 4 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk frá 1997 til 2012 sem fara í bíó, á kaffihús¹ og/eda í partí, vikulega eða oftar.




Mynd 5 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk frá 2000 til 2012 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftar.


1 Árið 1997 var spurt um ferðir á kaffihús eða pöbb. Vegna þess hve mörg kaffihús eru líkar pöbbar er stuðst við skilgreiningu hvers og eins á því hvað átt er við með ferðum á kaffihús.




Mynd 6 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem spila í hjómssveit með nokkrum vinum/vinkonum sínum, stunda tónlistarnám, lúðrasveit, skólahljómssveit eða tónlistarskólahljómssveit, myndlistarnám, og leiklist, vikulega eða oftar.




Mynd 7 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem sækja leiksýningar, bókasafn, klassíska tónleika, aðra tónleika en klassíska, og myndlistarsýningar, vikulega eða oftar.




Mynd 8 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem stunda ungmennastarf Rauða kross Íslands, hestamennsku, útivist, og hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, vikulega eða oftar.




Mynd 9 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2012 sem taka þátt í starfi félagsmiðstöðva einu sinni í viku eða oftar.




Mynd 10 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem eyða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð, eða tímarit.



Mynd 11 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segjast aldrei lesa (eyða engum tíma í viku) bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð, eða tímarit.



Mynd 12 Hlutfall nemenda í 8. bekk árin 2009 og 2012 sem eyða 4 klst. eða meira í hverri viku í að lesa bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.



Mynd 13 Hlutfall nemenda í 8. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast aldrei lesa (eyða engum tíma í viku) bækur aðrar en skólabækur, teiknimyndabækur og/eða blöð, dagblöð og tímarit.

Tafla 1. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árið 2012 sem segjast taka þátt í tilteknu frístundastarfi í skólanum sínum, nokkrum sinnum í mánuði eða oftar (fjöldi í úrtaki í sviga).

	Landsbyggð		Höfuðborgarsvæði		Heild	
	%		%		%	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Bekkjarkvöld eða skemmtanir á vegum skólans	10,9 (147)	13,5 (185)	14,1 (270)	14,7 (308)	12,8 (417)	14,3 (494)
Nemendaráð	13,3 (181)	19,1 (262)	10,9 (209)	12,2 (258)	11,9 (391)	14,9 (520)

Íþróttir og hreyfing

Regluleg líkamleg áreynsla og hreyfing er mikilvæg börnum og unglingum líkt og full-orðnum¹. Hafa rannsóknir meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla sýnt að hlutfall þeirra unglunga sem hreyfa sig mikið hefur aukist hér á landi undanfarin ár en að sama skapi hafi hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið eða ekki neitt einnig aukist.² Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að börn og ungmenni sem stunda íþróttir og/eða líkamsþjálfun reglulega eru líklegri til að líða betur³ og eru ólíklegri til að reykja sigarettur⁴, nota vímuefni, eða taka þátt í öðru neikvæðu atferli, í samanburði við þá sem ekki stunda slíkt.⁵ Við þetta má bæta að stöðugt fleiri rannsóknir benda til að beint orsakasamband sé að finna á milli líkamlegs atgerfis, hreyfingar og námsframmistöðu barna og unglunga.⁶ Í þessum

kafla ber að líta 9 myndir og 3 töflur um líkamlega hreyfingu, íþróttaiðkun og tengda þætti. Sjá nánar í töflum í viðauka.

Niðurstöður sýna meðal annars að hlutfall þátttakenda í íþróttastarfi á vegum íþróttafélaga eykst heldur frá 2009 og hefur aukist mikið frá árinu 2000. Þá fjölgar þeim sem stunda einhverskonar íþróttir eða líkamsrækt einnig á milli ára og á það við um bæði kyn. Auk þessa kemur fram hlutfall iðkenda ýmissa íþróttagreina og verða þar fremur litlar breytingar á milli ára. Að lokum gefur að líta athugun á ástæðum brottfalls úr íþróttum (tafla 4). Fram kemur að margar ástæður geta legið að baki brottfalli úr íþróttastarfi en algengustu svör sem þátttakendur nefna eru áhugamissir, tímaleysi og að vinirnir hafi hætt.

1 Allegrente 2004.


2 Eišósdóttir, o.fl. 2008.

3 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2006).


4 Kristjánsson, o.fl. (2008).

5 Vilhjálmsson og Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson, o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson, o.fl. 1994.


6 Trudeau og Shephard, 2008; Sigfusdóttir o.fl. 2007.




Mynd 14 Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segjast aldrei stunda íþróttir með íþróttafélagi.




Mynd 15 Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi 1-3 sinnum í viku.




Mynd 16 Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 17 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þeir stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 18 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þær stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 19 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þeir reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.



Mynd 20 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þær reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.



Mynd 21 Hlutfall stráka í 8. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þeir reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.



Mynd 22 Hlutfall stelpna í 8. bekk árin 2009 og 2012 eftir því hve oft þær reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast stunda tiltekna íþrótt einu sinni í viku eða oftar (fjöldi í úrtaki í sviga).

Stundar þú...	2009		2012	
	Strákar %	Stelpur %	Strákar %	Stelpur %
Handbolta	17,9 (598)	10,0 (354)	21,1 (654)	11,4 (378)
Fótbolta	47,7 (1613)	29,1 (1042)	44,7 (1427)	22,5 (753)
Körfubolta	23,4 (787)	10,3 (368)	23,2 (718)	8,9 (293)
Blak	5,8 (192)	5,4 (191)	4,5 (137)	4,1 (136)
Fimleika	4,8 (160)	8,5 (302)	4,7 (142)	10,4 (344)
Frjálssar íþróttir	8,7 (286)	7,5 (264)	8,1 (245)	6,8 (223)
Tennis, badminton eða veggtennis	10,7 (356)	6,7 (237)	8,3 (251)	5,7 (184)
Sund	44,6 (1493)	44,9 (1602)	38,1 (1162)	37,8 (1244)
Skíði eða gönguskíði	9,7 (322)	10,4 (369)	7,4 (222)	7,1 (232)
Snjóbretti	25,5 (849)	16,6 (588)	16,6 (505)	9,0 (295)
Skauta	3,7 (124)	5,1 (179)	2,1 (63)	3,3 (110)
Íshokki	3,1 (101)	0,8 (27)	2,6 (79)	1,0 (33)

Tafla 3. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast stunda tiltekna íþrótt einu sinni í viku eða oftar (fjöldi í úrtaki í sviga).

Stundar þú...	2009		2012	
	Strákar %	Stelpur %	Strákar %	Stelpur %
Júddó, karate eða taekwondo	6,9 (229)	1,8 (64)	6,8 (206)	1,9 (62)
Erobik, tæbó, kickbox	3,9 (101)	4,3 (150)	3,5 (104)	2,4 (78)
Líkamsrækt á líkamsræktarstöð	42,9 (1438)	42,7 (1514)	37,7 (1154)	44,2 (1462)
Vaxtarrækt	11,8 (393)	5,0 (177)	9,3 (278)	6,1 (198)
Siglingar	3,2 (106)	0,8 (30)	3,0 (90)	0,7 (24)
Golf	12,5 (410)	2,7 (95)	12,7 (388)	3,6 (117)
Hjólábretti	7,5 (247)	2,0 (69)	7,1 (216)	2,0 (65)
Línuskauta	3,6 (120)	6,0 (210)	2,9 (86)	3,7 (120)
Hlaup	34,9 (1152)	44,1 (1558)	33,3 (1017)	40,4 (1334)
Klettaklifur eða inniklifur	5,4 (179)	2,0 (70)	4,0 (119)	2,4 (77)
Mótorhjólasport	15,2 (503)	3,5 (125)	8,6 (259)	2,2 (72)
Akstursíþróttir	8,8 (291)	1,5 (54)	5,2 (157)	1,2 (40)
Box/hnefaleikar	6,4 (212)	2,3 (82)	5,6 (156)	1,7 (55)

Tafla 4. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2012 sem segjast hafa hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi og segja að tilteknir þættir hafi skipt frekar eða mjög miklu máli í því sambandi¹.

	Landsbyggð		Höfuðborgarsvæði		Heild	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Missti áhugann	83,3	83,8	86,6	86,4	85,4	85,5
Kostnaður (of dýrt)	38,0	45,3	40,1	45,3	39,3	45,3
Vinirnir hættu	49,0	39,3	49,9	40,5	49,6	40,1
Tímaleysi	52,9	51,5	52,0	56,5	52,4	54,7
Of mikil samkeppni	30,2	27,2	31,9	31,7	31,2	30,0
Of erfiðar æfingar	29,6	23,4	28,8	31,5	29,1	28,5
Heimanám	32,0	28,1	33,2	34,2	32,6	32,0
Erfiðar samgöngur	38,0	39,2	40,1	35,7	39,4	37,0

1 Hér eru þeir sem segjast ekki hafa hætt þátttöku í íþróttum undanskildir.

Foreldrar og uppeldi

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförunum árum og áratugum benda til þess að tengsl barna við foreldra sína og fjölskyldu sem og samverustundir fjölskyldunnar skipti miklu máli fyrir þróun og þroska þeirra.¹ Foreldrar eru börnum sínum mikilvægir og sterkar fyrirmyndir², og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra³. Hafa rannsóknir t.d. sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og ungmenna⁴, og að þau ungmenni sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og/eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en önnur ungmenni til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng.⁵ Þess utan eru börn og ungmenni sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að ganga vel í skóla⁶ og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er uppi á teningnum.⁷ Í þessum hluta skýrsl-

unnar getur að líta 16 myndir og 2 töflur um samband unglunga við foreldra og tengda þætti. Sjá nánar í töflum í viðauka.

Niðurstöður sýna meðal annars að hlutfall unglunga í 9. og 10. bekk sem segjast eyða tíma með foreldrum sínum, hvort sem er á virkum dögum eða um helgar, eykst miðað við 2009 og hafði þá aukist töluvert frá 2006. Þá standa mælingar um eftirlit foreldra flestar lítið breyttar frá 2009 en foreldraeftirlit er annar þáttur í sambandi foreldra og unglunga sem hefur aukist mikið sl. ár. Þá kemur fram að rúmlega helmingur unglunga í 9. og 10. bekk segja foreldra sína setja sér reglur um hvað þau megi gera heima, utan heimilis og um útvistartíma, og í kjölfarið má sjá mælingar sem sýna að enn dregur úr fjölda þátttakenda sem eyða tíma úti eftir kl. 10 og/eða eftir miðnætti. Að lokum má sjá í töflu 6 að langsamlega flestir þátttakendur í rannsókninni telja sig hafa greiðan aðgang að stuðningi foreldra sinna.

1 Coleman, 1988; Warr, 1993; Bjamason, o.fl. 2005.

2 Bandura, 1977.


3 O'Byrne, o.fl. 2002.

4 Coleman, 1988; Sheldon og Epstein, 2005.


5 Bachman, o.fl. 1987.

6 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.


7 Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.




Mynd 23 Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 1997 til 2012 sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.




Mynd 24 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum á virkum dögum.




Mynd 25 Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar.




Mynd 26 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árin 2009 og 2012 sem segjast vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar.




Mynd 27 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þeir eru á kvöldin.




Mynd 28 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þær séu á kvöldin.




Mynd 29 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því hvar þeir séu á kvöldin.




Mynd 30 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra fylgist með því hvar þær séu á kvöldin.




Mynd 31 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki vini sína/vinkonur sínar.




Mynd 32 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki vini sína/vinkonur sínar.



Mynd 33 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna sinna.




Mynd 34 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vina/vinkvenna sinna.




Mynd 35 Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segja foreldra sína oft eða nær alltaf vita hvar þau eru á laugardagskvöldum.

Tafla 5. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2012 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að foreldrar þeirra setji þeim reglur um hvað þau mega gera heima, utan heimilisins og um útvistarátíma.


Foreldrar mínir setja reglur um:	Landsbyggð		Höfuðborgarsvæði		Heild	
	%		%		%	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Hvað ég má gera heima	54,6	53,6	59,6	56,9	57,6	55,6
Hvað ég má gera utan heimilisins	45,1	55,5	48,6	55,4	47,2	55,4
Hvænær ég á að vera komin heim á kvöldin	64,5	75,9	71,1	80,5	68,4	78,7



Mynd 36 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem hafa verið úti eftir kl. 10 að kvöldi þrisvar eða oftár sl. 7 daga.



Mynd 37 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem hafa verið úti eftir kl. 10 að kvöldi þrisvar eða oftar sl. 7 daga.



Mynd 38 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem hafa verið úti eftir miðnætti einu sinni eða oftar undanfarna 7 daga árin 2000 til 2012.

Tafla 6. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2012 sem segja það mjög eða frekar erfitt að fá eftirfarandi hjá foreldrum sínum: Umhyggju og hlýju, samræður um persónuleg málefni, ráðleggingar varðandi námið.


Mjög eða frekar erfitt að fá hjá foreldrum:	Landsbyggð		Höfuðborgarsv.		Heild	
	%		%		%	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Umhyggju og hlýju	4,9	5,5	4,0	3,9	4,3	4,5
Samræður um persónuleg málefni	16,1	15,9	13,4	11,9	14,5	13,4
Ráðleggingar varðandi námið	9,9	11,8	9,5	8,1	9,7	9,6

Heilsa og líðan


Heilsa og líðan barna og unglinga er auðvitað nátengd lífsstíl og aðbúnaði þeirra. Mikilvægt er að fylgjast grannt með þróun áhættuþátta svo grípa megí tímanlega inn í ef neikvæðar breytingar koma fram í dagsljósið. Hafa nýjar og nýlegar íslenskar rannsóknir meðal annars sýnt að félags/hagræn staða ungmenna hefur bein tengsl við áhættuhegðun, ofbeldishegðun, og líðan þeirra, þar sem ungmenni sem verr eru sett í samfélaginu eru líklegri til að vera bæði gerendur og fórnarlömb en þau sem betur mega sín. Rannsóknir hafa einnig sýnt að tíðni ofþyngdar og offitu hefur aukist mjög í íslensku samfélagi undanfarin ár. Þá bendir úttekt á tíðni þunglyndis og kvíðaeinkennum meðal unglinga í efstu bekkjum grunnskóla til að þau hafi aukist undanfarin ár en rannsóknir hafa einnig sýnt að aukin tíðni þunglyndis og reiði meðal unglinga eykur líkur á margskonar vanda í lífi þeirra. Í þessum hluta skýrslunnar má sjá 10 myndir og tvær töflur um heilsu og líðan þátttakenda. Sjá nánar í töflum í viðauka.

Meðal annars sýna niðurstöður að mikill meirihluti þátttakenda telur bæði líkamlega og andlega heilsu sína góða eða mjög góða og að lítil sem engin breyting er þar á miðað við fyrri ár. Engu að síður má sjá í töflum 7 og 8 að hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa upplifað einmanaleika, að vera niðurdregin eða daprar, og/eða að framtíðin sé vonlaus sl. 7 daga hækkar heldur frá 2009 en hafði lækkað á milli 2006 og 2009. Svipuð þróun kemur fram með einkenni reiði sem hafa þó heldur minnkað frá 2006 fram til dagsins í dag. Þá má sjá á myndum 44 og 45 að ofbeldi í formi eineltis virðist dragast saman frá 2009 til 2012. Í lok þessa hluta er einnig að finna mælingar á hlutfalli nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem segjast neyta ávaxta og/eða grænmetis, og sælgætis daglega eða oft á dag. Kemur þar fram að neysla ávaxta og grænmetis heldur áfram að aukast miðað við fyrri ár en þeim sem neyta sælgætis fækkar heldur.


- 1 Bernburg o.fl. 2009a; Sigfusdóttir o.fl. 2004.
- 2 Eidsdóttir o.fl. 2010; Þórisdóttir o.fl. 2012
- 3 Sigfusdóttir o.fl. 2008.
- 4 Kristjánsson o.fl. 2011; Gunnlaugsson o.fl. 2011




Mynd 39 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 40 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem telja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.



Mynd 41 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.



Mynd 42 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem telja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.




Mynd 43 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem telja líkamlega og/eða andlega heilsu sína góða eða mjög góða.

Tafla 7. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segjast oft hafa upplifað sl. 7 daga: einmanaleika, verið niðurdregin eða döpur, að framtíðin sé vonlaus.


		Landsbyggð %			Höfuðborgarsvæði %		
		2006	2009	2012	2006	2009	2012
Einmanaleiki	Strákar	3,9	5,2	4,9	4,7	3,9	3,8
	Stelpur	14,2	9,8	13,2	11,1	7,8	9,0
Niðurdregin/dapur	Strákar	3,2	4,0	3,7	3,5	3,6	3,7
	Stelpur	11,8	8,4	11,6	10,3	7,9	9,7
Framtíðin vonlaus	Strákar	3,0	3,7	4,1	3,0	2,9	3,4
	Stelpur	6,2	5,0	7,2	5,4	4,0	6,5

Tafla 8. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segjast oft hafa upplifað sl. 7 daga: auðvelt að pirra þau eða ergja, hafi tekið reiðiköst sem þau gátu ekki stjórnað, og/eða lent í rifrildi.


		Landsbyggð %			Höfuðborgarsvæði %		
		2006	2009	2012	2006	2009	2012
Auðvelt að pirra eða ergja	Strákar	13,2	11,4	10,2	12,9	9,6	9,9
	Stelpur	20,1	17,3	18,9	17,6	15,5	15,7
Tekið reiðiköst	Strákar	3,9	3,6	3,1	4,2	3,1	3,0
	Stelpur	5,7	4,6	5,7	4,8	5,6	5,0
Lent í rifrildi	Strákar	6,6	5,7	4,5	7,0	5,2	4,5
	Stelpur	9,3	6,2	6,3	8,3	6,2	6,8




Mynd 44 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segjast hafa tekið þátt í einelti/ofbeldi einu sinni eða oftar sl. 12 mánuði.




Mynd 45 Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk árin 2006 til 2012 sem segjast hafa orðið fyrir einelti/ofbeldi einu sinni eða oftar sl. 12 mánuði.



Mynd 46 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem neyta tiltekinnar fæðu daglega eða oft á dag.



Mynd 47 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem neyta tiltekinnar fæðu daglega eða oft á dag.



Mynd 48 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem neyta tilekinnar fæðu daglega eða oft á dag.

Nám og skóli

Skólinn er vinnustaður barna og unglinga og þar verja þau drjúgum tíma á mótandi aldurs skeiði. Mikilvægt er að fylgjast grannt með áhuga barna á námi og líðan þeirra í skólanum. Margar rannsóknir hafa sýnt að samband barna og ungmenna við skólann sinn, líðan þeirra í honum og skuldbinding þeirra við nám séu mikilvægir þættir í líðan þeirra og sjálfsmynd.¹ Þessir þættir geta gefið mikilvægar vísbendingar um þörf á inngripum í anda fyrsta stigs forvarna, áður en aukinn vandi, s.s. vímuefnanotkun, gerir vart við sig.² Jafningjahópur skólafélaganna er mikilvægur hluti þess óformlega náms sem fer fram í tenglum við formlega skólagöngu. Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni sem sækja skóla þar sem tíðni vímuefnaneyslu jafningjanna er há eru líklegri en önnur ungmenni til að nota vímuefni einnig þó þau sjálf kunni að koma úr bakgrunni þar sem vímuefnanotkun er óalgeng eða ekki til staðar³. Áhrif skólans ná því út fyrir einstaklingana sem undirstrikar mikilvægi þess að hvort tveggja sé fylgst vel með, sem og að hafa áhrif á neikvæðar breytingar í jafningjahópi ungmenna innan skóla. Skólinn er því mikilvægur vettvangur inngripa. Í þessu sambandi ber að nefna að nýjar niðurstöður úr samanburðarrannsókn þar sem gögn frá fimm evrópskum borgum voru notuð, sýnir meðal annars að líðan og viðhorf til náms og skóla hafa sterk jákvæð tengsl við líkur á afbrotahæðun⁴ sem aftur auka

líkur á brottfalli úr skóla. Í þessum hluta má sjá 24 myndir um viðhorf og hugmyndir um nám og skóla meðal þátttakenda í rannsókninni. Sjá nánar í töflum í viðauka.


Í niðurstöðum kemur meðal annars fram að þeim sem telja námið tilgangslaust, að þeim leiðist námið, og telja sig illa búna undir kennslustundir fækkar nokkuð frá 2009 og á það við um bæði stráka og stelpur í 9. og 10. bekk. Þá kemur fram lítilsháttar fækkun í hópi bæði stráka og stelpna sem telja sig ekki leggja næga rækt við námið en fjöldi þeirra sem telur námið of létt eða of þungt stendur í stað frá 2009 fyrir utan lítilsháttar fækkun í hópi stelpna sem telja námið of þungt. Fjöldi nemenda sem telja sig oft eða alltaf líða illa í skólanum helst nokkuð óbreyttur en er engu að síður 6-7% meðal beggja kynja. Litlar breytingar eru á hlutfalli nemenda sem langar að skipta um skóla en strákum sem telja sig oft eða alltaf semja illa við kennara sína fækkar á milli ára. Að lokum má sjá að flestir nemendur hyggja á frekara nám að grunn-skólanum loknum en talsverður áherslumunur kemur fram þar á milli kynja og m.t.t. búsetu. Stelpur stefna fremur á bóknám en strákar og töluvert fleiri sem búa á landsbyggðinni segjast ætla í iðn- eða verknám en meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þá má sjá að um 80% nemenda í 9. og 10. bekk telja frekar eða mjög líklegt að þau sækji nám á háskólastigi í framtíðinni.

1 Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, 2006; Coleman, 1988; Hirchi, 1969.


2 Sigfusdóttir, o.fl. 2009; Kristjánsson og Sigfusdóttir 2009.

3 Kristjánsson o.fl. óbirt handrit.


4 Sigfusdóttir o.fl. 2012.




Mynd 49 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust.




Mynd 50 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust.




Mynd 51 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim leiðist námið.




Mynd 52 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim leiðist námið.




Mynd 53 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeir séu illa búnir undir kennslustundir.




Mynd 54 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þær séu illa búnar undir kennslustundir.




Mynd 55 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem segja það oft eða alltaf eiga við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust, leiðist námið, og/eða að séu illa búin undir kennslustundir.




Mynd 56 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeir leggji ekki næga rækt við námið.




Mynd 57 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þær leggi ekki næga rækt við námið.




Mynd 58 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim finnst námið of létt.




Mynd 59 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim finnist námið of létt.




Mynd 60 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að námið sé of þungt.




Mynd 61 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að námið sé of þungt.




Mynd 62 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þau leggji ekki næga rækt við námið, að námið sé of létt, og/eða að námið sé of þungt.




Mynd 63 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim líði illa í skólanum.




Mynd 64 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim líði illa í skólanum.




Mynd 65 Hlutfall stráka í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þá langí til að skipta um skóla.




Mynd 66 Hlutfall stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þær langí til að skipta um skóla.




Mynd 67 Hlutfall **stráka** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim semji illa við kennarana.




Mynd 68 Hlutfall **stelpna** í 9. og 10. bekk árin 2000 til 2012 sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim semji illa við kennarana.




Mynd 69 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem segja það eiga oft eða alltaf við um sig að þeim líði illa í skólanum, langi til að skipta um skóla og/eða semji illa við kennarana.



Mynd 70 Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk árið 2012 sem telja líklegt að þau fari í frekara nám eða að vinna að loknum grunnskóla.



Mynd 71 Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk árið 2012 sem telja líklegt að þau fari í frekara nám eða að vinna að loknum grunnskóla.



Mynd 72 Hlutfall nemenda í 9. og 10. árin 2006 til 2012 bekk sem telja frekar eða mjög líklegt að þau sækji nám á háskólastigi í framtíðinni.

Atvinnuþátttaka og fjárhagur fjölskyldunnar


Íslendingar hafa jafnan stært sig af mikilli vinnusemi en hérlendis hefur mikil vinna jafnan talist til dyggðar. Tölur frá OECD sýna að Íslendingar eyða miklum tíma í vinnunni miðað við aðrar þjóðir¹. Íslenskar rannsóknir sem leitast við að tengja mælingar á hlutfallslegri fátækt og fjárhagslegri stöðu fjölskyldna við líkur á áhættuhegðun s.s. vímuefnaneyslu, ofbeldi og sjálfsskaða- og sjálfsvígshæðun hafa jafnan sýnt að samband er á milli þessara þátta². Ljóst er að harðnað hefur á dalnum hjá mörgum fjölskyldum síðastliðin ár. Mikilvægt er því að fylgjast grannt með þróun þessara mála svo að grípa megi til viðeigandi ráðstafana ef neikvæðar breytingar koma fram í mælingum. Í þessum hluta skýrslunnar getur að líta 7 myndir um atvinnuþátttöku ungmenna

og vísa um fjárhagsstöðu fjölskyldunnar. Sjá nánar í töflum í viðauka.


Niðurstöður sýna að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem vinna 10 klukkustundir eða meira í viku hverri með námi sínu hefur fækkað mikið frá árinu 2006 þegar það var hæst. Að sama skapi fjölga þeim sem vinna ekki með námi sínu. Þá gefur að líta mælingar á fjárhag foreldra. Sýna þær almennt að hlutfallslega mjög fáir telja foreldra sína illa fjárhagslega stadda, hafi ekki efni á að reka bíl, borga brýnustu nauðsynjar og/eða fyrir þá tólmundastarfsemi sem þau vilja stunda. Þá koma svo til engar breytingar fram á þessum mælingum miðað við 2009. Að lokum má sjá að þeim fækkar heldur frá 2009 sem hafa upplifað atvinnumissi móður eða föður.

1 Sjá stats.oecd.org


